

Samningur um vaktavinnufyrirkomulag í síldar- og loðnuvinnslu í frystihúsum í Vm.

Verkakvinnafélagið Snót og Verkalýðsfélag Vestmannaeyja annarsvegar og Ísfélag Vestmannaeyja hf. og Vinnslustöðin hf. hinsvegar gera með sér svofelldan samning um vinnu við síldar- og loðnuvinnslu.

1. gr. Vaktir.

Þegar unnið er á **12 klst. vöktum** (sbr. þó b) Vakt 1) skal heimilt að haga vinnutilhögun með eftirfarandi hætti:

a) Vakt 1	Kl. 12.00 - 24.00	Vakt 2	Kl. 24.00 - 12.00
b) Vakt 1	Kl. 13.00 - 24.00	Vakt 2	Kl. 24.00 - 12.00

Þegar unnið er á þrískiptum **8 klst. vöktum** (sbr. þó b) Vakt 2) skal heimilt að haga vinnutilhögun með eftirfarandi hætti:

a) Vakt 1	Kl. 04.00 -12.00	Vakt 2 -	12.00- 20.00	Vakt 3 -	Kl. 20.00- 04.00
b) Vakt 1	Kl. 04.00 -12.00	Vakt 2 -	13.00- 19.00	Vakt 3 -	Kl. 20.00- 04.00

Í vinnutilhögun skv. a) er unnið í reglulegum neysluhléum og þau skráð sem unnir tímar, en þó skal tryggt að starfsfólk fái a.m.k. 15 mín. í neysluhlé á hverjum 6 klst. skv. samkomulagi ASÍ/VSÍ dags. 30. des. 1996.

Í vinnutilhögun b) eru neysluhlé tekin, annarsvegar kvöldmatur kl. 19.00-20.00 og kaffitímar skv. sérákvæðum í fiskvinnsluhúsum í Vm.

Miðað er við að vaktavika hefjist kl. 24.00 aðfaranótt mánudags.

1.1.

Þess skal jafnan gætt að vaktavinnan komi sem jafnast niður á hvorn vaktavinnuhóp. Nú hefur verkafólk unnið 8 klst. eða lengur og skal þá ekki setja á vaktir fyrr en það hefur fengið a.m.k. 11 klst. hvíld áður en vaktir hefjast. Sé vöktum slitið skal vaktavinnufólk fá a.m.k. 11 klst. hvíld áður en það er látið hefja venjubundna tímavinnu.

2. gr. Vaktaslit.

Óheimilt er að slíta vöktum í síldar- loðnuhrognavinnslu séu þær á annað borð hafnar fyrr en hvor vaktavinnuhópur hefur unnið a.m.k. tvær 12 klst. eða 8 klst. vaktir (tvær heilar vaktir).

2.1.

Í loðnufrystingu skal heimilt í samráði við trúnaðarmann að slíta vöktum fyrr, gefi hráefni að mati fulltrúa kaupanda eða hráefnisskortur tilefni til. Þó skal hver hafin vakt reiknast sem um fulla vakt sé að ræða.

2.2.

Nú hefur vaktavinnufólk í síldar- eða loðnuhrognavinnslu unnið tvær vaktir eða lengur og skal því þá tilkynnt áður en það fer af vakt ef slíta á vöktum. Í loðnufrystingu skal vinnuveitenda heimilt að tilkynna vaktavinnufólki um niðurfellingu á vöktum með 1 klst. fyrirvara, þ.e. þeim sem mæta eiga á næstu vakt. Hver hafin vakt reiknast sem um fulla vakt sé að ræða.

3. gr. Vikulegur frídagur.

Á hverju 7 daga tímabili skal vaktavinnufólk fá a.m.k. einn vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma og skal sá frídagur að öðru jöfnu vera á sunnudegi. Ef nauðsyn krefur vegna skipulagningar vinnu er heimilt að fresta vikulegum frídegi. Má þá haga töku frídaga þannig að teknir séu tveir frídagar aðra hverja helgi (laugardag og sunnudag). Falli frídagar aftur á móti á virka daga (mánudaga-föstudaga) vegna ófyrirséðra orsaka, td. hráefnisskorts, skal vaktavinnufólk með kauptryggingarrétt halda dagvinnuhluta launa á þeim vaktatímabilum.

4. gr. Neysluhlé.

Neysluhlé samkv. 1. gr. a) liðar skulu vera með sama hætti og áður og verkafólk skiptist á að taka neysluhlé og þau greidd eins og þau hafi verið unnin. Samkv. 1. gr. b) liðar skulu neysluhlé tekin og greidd samkv. kjarsamningum

5. gr. Viðmiðunartímabil vegna hámarksvinnutíma.

Viðmiðunartímabil við útreikning á hámarki vikulegs vinnutíma sbr. samning VSÍ og landssambanda innan ASÍ um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma dags. 30. des. 1996 skal vera 12 mánuðir (janúar- desember). Á árinu 1997 skal þó heimilt að viðmiðunartímabilið við útreikning hámarksvinnutíma verði frá 1. maí til 31. desember.

6. gr. Réttindi vaktavinnufólks.

Vaktavinnufólk skal njóta allra þeirra réttinda sem felast í kjarsamningi VSÍ og VMSÍ frá 24. mars 1997.

7. gr. Gildistími.

Samningur þessi hefur sama gildistíma og kjarasamningur VMSÍ og VSÍ frá 24. mars 1997.

Vestmannaeyjum 26. júní 1997


Fh. Verkalyðsfélags Vestmannaeyja



Fh. Verkakvinnafélagsins SNÓTAR

Linda Heapskels.
GUÐNÝ OSKARSDÓTTIR

Fh. Ísfélags Vestmannaeyja hf.



Fh. Vinnslustöðvarinnar hf.

Yfirlýsing

um heimil tímabundin frávik frá 12 klst. vaktavinnu vegna loðnufrystingar í frystihúsum í Vestmannaeyjum.

Við sérstakar aðstæður þegar þjarga þarf verðmætum meðan á loðnuvertíð stendur er heimilt að vinna þrískiptar 8 klst. vaktir með tveimur vaktavinnuhópum, enda standi vaktavinnutímabil að öðru jöfnu ekki lengur en 3-4 vikur. Vegna árvissra fráafá á loðnuveiðum meðan á loðnufrystingu stendur er ekki hægt að skipuleggja samfellda 6 daga vinnuviku í vaktavinnu í loðnufrystingu. Vinnutími á sólarhring reiknað frá byrjun vinnudags er allt að 16 klst. (2 vaktir) annan daginn og allt að 8 klst. (1 vakt) hinn daginn. Meðaltal vinnutíma hjá hvorum hópi er að hámarki 12 klst. á sólarhring á hvern unninn dag. Í þeim tilvikum þegar starfsfólk hefur unnið tvær heilar vaktir frá byrjun vinnudags (1. & 3 vakt) og stytta þarf samfelldann hvíldartíma úr 11 klst. í allt að 8 klst. á sólarhring er heimilt að fresta hvíldinni og veita síðar, þannig að frítökuréttur, 1 1/2 klst. (dagvinna) safnist upp fyrir hverja klst. sem hvíldin skerðist. Heimilt er að greiða út ½ klst. (dagvinna) af frítökuréttinum. Uppsafnaður frítökuréttur að frádreginni hugsanlegri útgreiðslu og teknu tilliti til vikulegs frídags skal veittur utan annatíma í starfsemi fyrirtækjanna í samráði við starfsmenn. Úttekt á frítökurétti skal þó að fullu lokið eigi síðar en 1. ágúst (samhliða sumarleyfum) eða við starfslok.

Vestmannaeyjum 26. júní 1997

Fh. Ísfélags Vestmannaeyja hf.

Fh. Vinnslustöðin hf.

Fh. Verkakvennafélagsins Snótar

Fh Verkalýðsfélags Vestmannaeyja

Fylgiskjal vegna samnings um vaktavinnufyrirkomulags í síldar- og loðnuvinnslu í frystihúsum í Vestmannaeyjum.

A) Þegar unnið er í reglulegum neysluhléum.

Tímaskráning á 12 klst. og 8 klst. vöktum samkv. a) lið þegar unnið er í reglulegum neysluhléum og þau skráð sem unnir tímar.

Miðað við að 12 klst. vaktir hefjist kl. 12.00 á hádegi og ljúki kl. 24.00 og næsta vakt hefjist kl. 24.00 á miðnætti og ljúki kl. 12.00 á hádegi. Þá er miðað við að 8 klst. vaktir hefjist kl. 04.00 og ljúki kl. 12.00 og næsta vakt hefjist kl. 12.00 á hádegi og ljúki kl. 20.00 og þriðja vakt hefjist kl. 20.00 og ljúki kl. 04.00.

Fyrir hvora 12 klst. vakt sem þannig er unnin skal greiða 14.00 klst. (mánudaga- föstudaga dagvinna 4,00 klst. og yfirvinna 10,00 klst. og um helgar 14.00 klst. yfirvinna.) Fyrir hverja 8 klst. vakt skal greiða 9 klst. og 20 mín. (mánudaga-föstudaga dagvinna 4,00 klst. dagv. og 5 klst. og 20 mín. yfirvinna fyrir vakt 2 og 3 og fyrir vakti 1 og um helgar 9 klst. 20 mín. yfirvinna).

Virkur vinnutími á þessum 12 klst. vöktum er áætlaður 11.00 klst. og 8 klst. vöktum 7 klst. 20 mín. og er þá búið að draga frá vinnutíma óregluleg neysluhlé, sem tekin eru á hverri vakt og einnig eru innifalin í þessari frádráttartölu lágmarksneysluhlé samkv. vinnutímatilskipun ESB sem eru 15 mín á hverjum 6 klst. eða 30 mín. á hverjum 12 klst. vinnutíma.

B) Þegar ekki er unnið í neysluhléum.

Tímaskráning þegar unnið er frá kl. 13.00 eftir hádegi til kl. 19.00 og aftur frá 20.00 -24.00 og öll neysluhlé greidd en tekin og næsta 12 klst. vakt hefst kl. 24.00 á miðnætti til kl. 12.00 á hádegi og öll neysluhlé tekin. Á 8 klst. vöktum miðað við sömu forsendur og vinna hefst kl. 04.00 og lýkur kl. 12.00 næsta lota kl.13.00 - 19.00 og þriðja vakt frá kl. 20.00-04.00.

Fyrir vinnutíma frá kl. 13.00- 19.00 og 20.00 til 24.00 og öll neysluhlé tekin og greidd skal greiða 11.00 klst. og fyrir vakt frá kl. 24.00 á miðnætti til kl. 12.00 á hádegi og öll neysluhlé tekin skal greiða 12.00 klst. Á 8 klst. vöktum skal greiða 8 klst. fyrir vakt 1, 6 klst. fyrir vakt 2 og 8 klst. fyrir vakt 3.

Á 12.00 klst. vöktum mánudaga - föstudaga dagvinna 4,00 klst. á hvorn hóp og 7.00 klst. yfirvinna fyrir tímabilið 13.00-24.00, en 12,00 klst. yfirvinna fyrir tímabilið 24.00-12.00 á hádegi. Um helgar 11.00 klst. yfirvinna á hópinn 13.00-24.00 og 12.00 klst. yfirvinna á hópinn 24.00-12.00.

Á 8 klst. vöktum miðað við að öll neysluhlé verði tekin verða greiddir 4 klst. yfirvinna og 4 klst. dagvinna fyrir vakt 1, en 8 klst. yfirvinna um helgar. Fyrir vakt 2 verða greiddir 4 klst. dagv. og 2 klst. yfirvinna, en 6 klst. um helgar og fyrir vakt 3 verða greiddir 8 klst. yfirvinna fyrir hverja vakt.

Verði unnið í einhverjun reglulegum neysluhléum á nóttinni greiðist til viðbótar í yfirvinnu sem svarar til lengd þeirra.

Virkur vinnutími á vöktum tímabilinu frá kl. 13.00-24.00 er 9 klst. og 20 mín. og fyrir hópinn frá 24.00-12.00 á hádegi er virkur vinnutími 10 klst. og 15 mín. Samtals 19 klst. 35 mín. á sólarhring. Fyrir vaktir á tímabilinu 04.00-12.00 er virkur vinnutími 7 klst. og 5 mín., fyrir vaktir 13.00-19.00 er virkur vinnutími 5 klst. 40 mín. og fyrir vakt 20.00-04.00 er virkur vinnutími 6 klst. 50 mín. Samtals 19 klst. 35 mín. á sólarhring.

Vestmannaeyjum 26. júní 1997

AA.